

ÁRSSKÝRSLA MSHA 2023



HÖFUNDAR

Gunnar Gíslason
Sigríður Ingadóttir
Íris Hrönn Kristinsdóttir
Jenný Gunnbjörnsdóttir
Anna Sigrún Rafnsdóttir



MIÐSTÖÐ
SKÓLAÞRÓUNAR

MYNDIR

Úr starfi Byrjendalæsissskóla

UM OKKUR

Í STARFI MSHA Á VETTVANGI SKÓLASTARFS ER LÖGÐ ÁHERSLA Á FRÆÐSLU, RÁÐGJÖF, SAMRÆÐU, SAMVINNU OG ÍGRUNDUN.

Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda.

Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skólum, námskrágerð, mati á skólastarfi, teymisvinnu og læsi.



Í samstarfi við sérfræðinga innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar.

MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild ef óskað er eftir því.

TEYMIÐ

SÉRFRÆÐINGAR MIÐSTÖÐVARINNAR

Árið 2023 störfuðu 5 sérfræðingar hjá MSHA í 5 stöðugildum.

Einn sérfræðingur MSHA er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og sinnir flestum verkefnum á því svæði.



GUNNAR GÍSLASON
FORSTÖÐUMAÐUR
MSHA



ANNA SIGRÚN
RAFNSDÓTTIR



JENNÝ
GUNNBJÖRNSDÓTTIR



ÍRIS HRÖNN
KRISTINSDÓTTIR



SIGRÍÐUR
INGADÓTTIR

SÉRFRÆÐIÞJÓUNUSTA VIÐ SKÓLA OG SVEITARFÉLÖG

MSHA hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar skv. sérstökum samningi þar um.

Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Hvalfjarðarsveit hafa einnig gert slíka samninga við MSHA.

Sveitarfélög og skólar víðsvegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni, ráðgjöf, stefnumótunarvinnu og úttektir.

Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla.



KENNSLA VIÐ HA

Sérfræðingar miðstöðvarinnar hafa í gegnum árin sinnt kennslu á ýmsum námskeiðum við kennaradeild HA.

Á árinu voru þeir með innlegg í eftirfarandi námskeiðum.

KNU0156160

Kennsla, námsumhverfi og námsefni

NOÁ0156160

Námskrár og áætlanagerð,

UPL1510160

Uppbygging og þróun lærdómssamfélags

NSU0156160

Nám og starf með upplýsingatækni

MLE1510160

Mál- og lestrarerfiðleikar

LNÁ 1510160

Læsi til náms

HSM1505

Heimspeki menntunar



ECTS NÁM MSHA

Miðstöð skólaþróunar býður upp á starfstengt ECTS einingabært nám á framhaldsstigi fyrir starfandi kennara og stjórnendur.

Kennsla í námskeiðunum er með fjölbreyttum hætti í formi fyrirlestra, umræðna, verkefnavinnu, lota á stað og fjarfunda.

Lögð er áhersla á kennsluhætti sem hvetja til virkrar þátttöku nemenda, ígrundunar og samstarfs.

Leiðtogi í læsi


15 ECTS einingar
Þrjú misseri

Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi

15 ECTS einingar
Sex misseri

Mannkostamenntun

10 ECTS einingar
Tvö misseri



ECTS NÁM LEIÐTOGI Í LÆSI


Í námslínunni Leiðtoganám í Byrjendalæsi er sjónum beint að hlutverki leiðtoga í læsi í skólum. Meginmarkmiðið er að efla þátttakendur sem faglega leiðtoga í námssamfélagi læsis kennara og styðja við þá kennslufræðilega.

Fjallað er um leiðir til að efla alla þætti læsis, orðaforða, skilning, lesfimi, ritun, miðlun, samræður, tjáningu og hlustun. Athygli er einnig beint að mikilvægi áhugahvatar fyrir læsisnámi, sjálfstæði í námi, mikilvægi samvinnu, námsaðlögunar og námsvitundar.

Námskeiðið er vettvangs- og starfsmiðað. Þátttakendur fá þjálfun í að gera starfendarannsókn og vinna lokaverkefni sem beinist að því að leiða læsisstarf á vettvangi.

Sú breyting var gerð í náminu á árinu að ekki eru gefnar einkunnir en þess í stað lögð áhersla á umsagnir og endurgjöf. Námið er byggt upp sem starfstengt nám og er endurgjöfin stór þáttur í því.

Átta kennarar eru í náminu sem stendur og munu þrjú ljúka námi á árinu.



ECTS NÁM MANNKOSTAMENNTUN

Mannkostamenntun byggir á hagnýtri siðfræði og hugmyndum um að með því að rækta siðferðisþroska nemenda og efla dygðalæsi þeirra sé lagður grunnur að farsælu lífi.

Meginmarkmið námsins er að veita þátttakendum þekkingu á mannkostamenntun og dygðasiðfræði, leikni í að vinna með viðfangsefnið í kennslu og hæfni til að miðla því til nemenda sinna í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Mannkostamenntun er hægt að flétta inn í allar námsgreinar í gegnum formlegt og óformlegt nám.

Þátttakendur fá þjálfun í að gera starfendarannsókn þar sem þeir innleiða mannkostamenntun í kennslu á vettvangi.

Námskeiðið var kennt í fyrsta sinn árið 2023 og voru þátttakendur 7 kennarar, tveir grunnskólakennarar og fimm framhaldsskólakennarar.




MENNTAFLÉTTAN

MSHA er aðili að Menntafléttunni annað árið í röð fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna um þróun og kennslu námskeiða sem eru kennurum og starfsfólki í menntakerfinu að kostnaðarlausu.

Viðfangsefni námskeiða snerta fjölbreytt svið náms, kennslu, sjálfbærrar þróunar, vellíðunar, frístundastarfs og forystu.

Starfsfólk MSHA hefur tekið þátt í starfi Menntafléttunar af krafti og komið að ýmsum verkefnum, m.a. kennslu í námskeiðum, verkefnastjórn, þróun Opnu Menntafléttunnar, setu í stýrihópi og matshópi.



TEYMISVINNA

Árangursrík og fagleg starfsþróun byggist á styðjandi, gagnrýnu og uppbyggjandi hugarfari og vinnubrögðum í starfinu sjálfu. Menning sem styður við slíka starfshætti og viðheldur þeim getur rúmast innan þess sem kalla má lærdómssamfélag (e. professional learning community).

Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólastarfið, m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teyimum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Verkefnið er sett upp sem að minnsta kosti þriggja ára ferli. Ráðgjafar hitta leiðtoga að jafnaði vikulega á fundum fyrsta árið, þar sem verkefni eru lögð inn og þeir fara svo með í sín teymi. Á öðru ári er gert ráð fyrir fundum að jafnaði aðra hverja viku með leiðtogum en teymi funda vikulega. Á þriðja ári er svipað fyrirkomulag og á öðru ári.

Leikskólar sem tóku þátt

Lundarsel – Akureyri
Klappir – Akureyri
Krílakot – Dalvík
Krókur – Grindavík
Laut – Grindavík
Barnaból – Langanesbyggð
Skýjaborg – Hvalfjarðarsveit frá hausti

Grunnskólar sem tóku þátt

Grunnskólinn austan Vatna
Varmahlíðarskóli
Grunnskólinn í Grindavík
Grunnskólinn á Þórshöfn
Dalvíkurskóli
Brekuskóli
Lundarskóli
Oddeyrarskóli
Síðuskóli
Giljaskóli
Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit frá hausti
Þelamerkurskóli
Ársskógarskóli
Hríseyjarskóli
Stórutjarnaskóli
Öxarfjarðarskóli

Alls voru um 130 kennarar skráðir sem leiðtogar í verkefninu.

BYRJENDALÆSI

Byrjendalæsi er samvirk aðferð í læsiskennslu þar sem barnabækur og aðrir rauntexar gegna lykilhlutverki sem uppspretta fjölbreyttra viðfangsefna og námstækifæra.

Aðferðin hefur verið í þróun frá árinu 2004 í samstarfi sérfræðinga miðstöðvarinnar og fjölda grunnskóla víðs vegar um landið.

Byrjendalæsi er byggt á samvirku læsislíkani. Samkvæmt því er gengið út frá að lestur byggist jöfnun höndum á færni í að umskrá bókstafi og orð, og sjálfstæðri merkingarleit þar sem lesandi nýtir meðal annars mál- og bakgrunnsþekkingu sína til að öðlast skilning á texta.

Kennsla samkvæmt samvirku læsislíkani einkennist af jafnvægi milli eindar- og heildaraðferða og áherslu á að flétta fjölbreyttar aðferðir til að fást við talmál, hlustun, lestur og ritun saman við mismunandi þætti læsis, svo sem umskráningu, hljóðvitund, ritun og lesskilning.

Í Byrjendalæsi er lögð áhersla á að unnið sé jöfnum höndum með alla þætti máls; lestur, hlustun, tal og ritun í gegnum heildstæð og áhugaverð viðfangsefni.

Haustið 2023 var fyrirkomulaginu á Byrjendalæsi breytt. Ákveðið var að bjóða skólum sem hafa verið að kenna eftir aðferðum Byrjendalæsis að vera með fastan samning með ákveðnu árgjaldi.

Innifalið í árgjaldinu eru haustnámskeið (tveggja daga grunnnámskeið og eins dags framhaldsnámskeið), 10 námssmiðjur yfir skólaárið, 2-4 vinnusmiðjur með utanaðkomandi sérfræðingum, stuttar sprettismiðjur, leiðtogafundir, opnir tímar með ráðgjöfum MSHA, nýjar kennsluáætlanir sem hafa verið prufukeyrðar í skólum, aðgangur að Canvas kennslukerfinu hjá HA með gögnum sem nýttast í læsiskennslu, aðgangur að sjálfsmatskverða og matsheimsóknir í alla skóla á þriggja ára fresti.

60 skólar skráðu sig á samning hjá okkur og hafa viðtökur kennara verið jákvæðar.

79 kennarar mættu á grunnnámskeið í Byrjendalæsi í byrjun skólaársins og 37 kennarar á framhaldsnámskeiðið.

25 leiðtogar í Byrjendalæsi komu saman á leiðtogafund í október.

LÆSI FYRIR LÍFIÐ


Þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi.

Í verkefninu Læsi fyrir lífið er unnið með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma, samræður o.fl. til að efla skilning og nám nemenda.

Lögð er áhersla á að kennarar og nemendur tileinki sér fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar.

Skólar sem tóku þátt í þróunarstarfi í Læsi fyrir lífið á árinu eru:

Grunnskóli Grindavíkur
Stapaskóli í Reykjanesbæ
Þingeyjarskóli í Aðaldal
Naustaskóli á Akureyri
Varmárskóli í Mosfellsbæ
Hörðuvallaskóli í Kópavogi
Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit



ORÐ AF ORÐI

Orð af orði varð hluti af læsisverkefnum MSHA á árinu með samnigi um það við Guðmund Engilbertsson


Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna.

Lögð er áhersla á að efla máluhverfi, kenna markvisst aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt.

Reynsla af verkefninu hefur verið góð, niðurstöður mælinga á lesskilningi, orðaforða og viðhorfum til lesturs sýna jákvæða þróun.

Eftirfarandi skólar tóku þátt í þróunarstarfi í Orð af orði á árinu:

Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði
Grunnskóli Grundarfjarðar
Grunnskóli Snæfellsbæjar



LEIÐSAGNARNÁM

Miðstöð skólabróunar býður upp á þróunarstarf þar sem kennarahópum gefst kostur á að innleiða leiðsagnarnám.

Leiðsagnarnám miðar að því fylgjast með í námsferlinu sjálfu og nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á náms- og kennsluháttum.

Námsmenning sem einkennist af leiðsagnarnámi eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.

Í þróunarstarfinu dýpka þátttakendur þekkingu sína á námsmenningu sem einkennist af leiðsagnarnámi og auka hæfni sína við að flétta áherslum leiðsagnarnáms inn í náms- og kennsluáætlanir og samþætta daglegum viðfangsefnum.

Í leiðsagnarnámi felst sjálfskoðun bæði kennara og nemenda og hvatning til að velta fyrir sér náms- og kennsluháttum með gagnkvæmri endurgjöf.

Námsmenning sem byggir á leiðsagnarnámi þjónar áherslum aðalnámskrár, tekur til grunnþátta menntunar, lykilhæfnipátta og áherslupátta laga.

Eftirfarandi skólar tóku þátt í þróunarstarfi í anda leiðsagnarnáms árið 2023:

Egilsstaðaskóli
Fellaskóli
Djúpavogsskóli
Brúarásskóli
Grunnskóli Borgarness
Grunnskóli Borgarfjarðar
Grunnskólinn á Þórshöfn
Tónlistarskóli Eyjafjarðar
Dalvíkurskóli
Árskógarskóli
Naustaskóli
Giljaskóli
Lundarskóli

SAMRÆÐUFÉLAGAR

Samræðufélagar er kennsluskipulag ætlað kennurum til að vinna á markvissan hátt með samræðu og tjáningu nemenda sem eru með íslensku sem annað móðurmál.

Miðstöð skólapróunar vinnur að verkefnum í samvinnu við kennaradeild HA. Verkefnið er sótt til Bretlands frá Education That Works.

Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara í aðferðinni og námsefni hefur verið gefið út á íslensku.

Miðstöð skólapróunar hefur í samstarfi við Kennaradeild HA, fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggð haldið utan um reglulega fundi fyrir þá kennara sem hafa farið á námskeið.

Fundirnir eru haldnir í skólunum en einnig hafa verið fundir á vef með sérfræðingum frá Bretlandi og kennurum víðsvegar um landið sem hafa notað aðferðina.



SNJALLVAGNINN

Snjallvagninn miðar að því að efla kennara í að nýta tækni í skólastarfi. Á Snjallvagninum eru ýmis nýstárleg og spennandi kennslutæki á borð við rótbóta, tæknilegó og þrívíddargleraugu.

Lagt er upp með að tækin á Snjallvagninum henti öllum aldurshópum frá leikskóla og upp í framhaldsskóla.

Auk þess er lítið svo á að tæknin sé þverfaglegt kennslutæki þar sem lært er í gegnum leik og lausnaleit.

Markmiðið með Snjallvagninum er að kynna töfraheima tækninnar fyrir kennurum og nemendum og auðvelda skólum að innleiða snjalltækni í skólastarf.

Sérfræðingar MSHA voru með kynningar og vinnustofur tengdar Snjallvagninum í námskeiðum í kennaranámi og á Menntabúðum Eyþings. Tækin voru auk þess lánuð til kennaradeildar og nýtt við ýmis tækifæri t.d. til að kynna starfsemi kennaradeildar á Háskóladeginum.



STYRKIR ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Vefur um læsi á mið- og unglingastigi


Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem miðar að því að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum.

Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði námsgagna til að útbúa vefsvæði þar sem fjallað er um læsisvinnu á mið- og unglingastigi.

Markmiðið er meðal annars að ýta undir nýsköpun í kennsluháttum þar sem unnið er með alla þætti læsis þvert á námsgreinar.

Námsgögnin á vefnum styðja við grunnþætti læsis með áherslu á samræðu, tjáningu og hlustun, lestur, orðaforða, lesskilning, ritun og miðlun.

Með námsgögnunum fá kennarar tæki til að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum með verkfærum á borð við samvinnulestur, leitarlestur, yfirlitslestur, gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, hugtakakort, ritunarramma, leitarkort, hlaðvörp, myndbandsupptökur og samræður.



STYRKIR ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Gaman saman - leikjabók

Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði námsgagna til að setja saman ísbrjóta- og leikjabókina Gaman saman.

Leikirnir í bókinni miða að því að byggja upp traust, jákvæð tengsl, félags- og tilfinningahæfni í nemendahópum.

Samskiptaleikir í skólastarfi þjappa hópum saman, gefa nemendum tækifæri til að kynnast og skapa góðan bekkjarbrag.

Í leikjunum er lögð áhersla á að byggja upp traust með reglulegum samskiptum þar sem næg tækifæri gefast til samveru, samræðna og samvinnuverkefna.

Bókinni verður fylgt eftir með námskeiðum fyrir kennara skólaárið 2024-2025.



STYRKIR ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA


Samræður og tjáning í Orðaleik

Skilningur og tjáning ÍSAT nemenda er í brennidepli í verkefninu. Námsgögunum er ætlað að efla þessa færni meðal barna í leikskóla og yngri bekkjum grunnskóla.

Námsefnið nýtist í flestum námssviðum og námsgreinum þar sem málið er undirstaða alls náms. Lögð er áhersla á að byggja upp skilning á grunnorðaforða og hæfni til að tjá sig og eiga samskipti og samræður í daglegu lífi og í námsaðstæðum

Til grundvallar liggur námsefnið Orðaleikur sem þróað var á Miðstöð skólaþróunar. Það verður nýtt sem stökkpallur í skapandi málleg viðfangsefni þar sem nemendur takast á við fjölbreyttar áskoranir í formi skipulagðra samræðna út frá völdum orðaforða. Útfærsla gagnkvæmra samskipta milli nemenda og milli nemenda og kennara verður meðal annars í gegn um leiki, spil og þrautalausnir.

Áætlað er að námsefnið verði tilbúið vorið 2024.



STYRKIR SPROTASJÓÐUR

Teymisvinna í Grindavík

Þróunarverkefni til þriggja ára sem áætlað var að ljúka vorið 2024. Í þróunarstarfinu voru innleidd vinnubrögð lærdóms-samfélagsins m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teyllum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Ráðgjafar MSHA hittu leiðtoga í skólunum reglulega á fundum og lögðu inn efni sem leiðtogar kynntu í sínum teyllum.

Verkefnið endaði snögglega þegar eldsumbrot urðu þess valdandi að íbúar í Grindavík þurftu að yfirgefa bæinn.



SAMSKIPTANÁMSKEIÐ

Samskipta- og samræðunámskeið MSHA eru tilvalin fyrir kennara og aðra sem starfa með nemendum og vilja efla samræðu- og samskiptafærni þeirra.


Öll námskeiðin eru eins uppbyggð, þ.e. tveir námskeiðsdagar með nokkurra mánaða millibili. Fyrirlestrar eru á netinu og þátttakendur geta hlustað á þá þegar þeim hentar. Viku eftir að námskeiðið byrjar þá hittast þátttakendur og námskeiðshaldari í rauntíma á zoom í tvær klukkustundir. Þetta á bæði við um fyrri og seinni námskeiðsdag.

Allt námsefni fyrir þátttakendur er aðgengilegt á námskeiðssíðu námskeiðsins.



Samskipta- og samræðunámskeiðin okkar hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár meðal starfsfólks í grunnskólum landsins.

Markmiðið með námskeiðunum er að færa starfsfólki grunnskóla góð verkfæri til þess að vinna með nemendahópum með það að markmiði að efla samskipta- og samræðuhæfni nemenda.

Á næstu síðum verða námskeiðin kynnt.



BEKKJARFUNDIR



Miðstöð skólaþróunar býður upp á hagnýt námskeið fyrir kennara í bekkjarfundahaldi. Gagnlegir bekkjarfundir byggja m.a. á því að kennari geti lesið nemendahópinn og gefið sér tíma til þess að undirbúa nemendur til þess að taka þátt í bekkjarfundum.

Í kjölfar námskeiðsins geta skólar óskað eftir frekari stuðningi og eftirfylgd við kennarahópinn til þess að bæta og efla bekkjarfundamenningu skólans með markvissum hætti.

Eftirfarandi skólar tóku þátt á árinu:

Ártúnsskóli í Reykjavík
Brekubæjarskóli á Akranesi
Grunnskóli Seltjarnarness
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Húnaskóli á Blönduósi
Hvolsskóli á Hvolsvelli
Lækjarskóli í Hafnarfirði
Norðlingaskóli í Reykjavík


KRAKKASPJALL



Ísbjörn á Grænlandi.



Höfundur: Arnheitur Fanney.



Ís björnir í Íslandi

Krakkaspjall er hagnýtt samskipta- og samræðuverkefni ætlað nemendum á yngsta- og miðstigi grunnskóla.


Verkefnið var þróað á Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri í samstarfi við nemendahópa og kennara.

Verkefnið samanstendur af 10 samskipta- og samræðufundum og er hver fundur 40 - 60 mínútna langur. Á fundunum hittist krakkahópur og samræðustjóri og taka þátt í fjölbreyttum samskipta- og samræðuverkefnum, sem taka mið af því að rækta styrkleika nemenda og efla félagsfærni.

Meginmarkmið Krakkaspjalls er að þátttakendur þjálfast í og læri að taka þátt í samræðum og byggi undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum.

Ekkert námskeið var haldið árið 2023 þar sem ekki fékkst nægur fjöldi þátttakenda.

FÉLAGASPJALL



Félagaspjall er ætlað nemendum á miðstigi.

Meginmarkmið Félagaspjalls er að þátttakendur þjálfast í og læri að taka þátt í samræðum og byggi undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum.



Fundir Félagaspjallsins taka á ýmsum viðfangsefnum eins og sjálfstyrkingu, tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra og efla samskiptahæfni.

Verkefnið fellur vel bæði að lykilhæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem snýr að lífleikni og siðfræði.

Viðfangsefnin sem Félagaspjallið byggir á kemur frá The Jubilee Center við Birmingham háskóla í Bretlandi.

Vefnámskeið var haldið fyrir kennara í Húnaskóla á Blönduósi.

UNGLINGASPJALL



Unglingaspjall er ætlað nemendum á unglingastigi í grunnskólum.

Meginmarkmið Unglingaspjalls er að þátttakendur þjálfast í og læri að taka þátt í samræðum og byggi undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum.

Fundur Unglingaspjallsins taka á ýmsum viðfangsefnum eins og sjálfstyrkingu, tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra og efla samskiptahæfni. Unglingarnir setja sér markmið á fundunum og vinna að því markmiði á milli funda.

Undirstaða fundanna er sett strax á fyrsta fundi þar sem samskipta- og samræðuviðmið eru sett af hópnum.

Verkefnið fellur vel bæði að lykilhæfni- viðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem snýr að lífleikni og siðfræði.

Vefnámskeið var haldið fyrir kennara á unglingastigi í Húnaskóla á Blönduósi.

SAMSKIPTI STÚLKNA



Samskipti stúlkna - leið til lausna er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað stelpum á mið- og unglingastigi grunnskóla (5.-10. bekk). Það er bæði hugsað sem fyrirbyggjandi og einnig til þess að vinna úr samskiptavanda sem er til staðar. Fjallað er um mikilvægi félags tengsla, sjálfvirðingar og félagslegrar samkenndar.

Verkefnið samanstendur af 10 spjallfundum og er hvert spjall 40-60 mínútna langt.

Félagsleg færni stúlkanna er eflað með samskiptavinnu og þær fá tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem beinast að ungum konum/stelpum í dag,

Stúlkurnar fá þjálfun í að hugsa á gagnrýninn hátt um samskipti sín, hvernig þær tengjast hver annarri og þeim er gefið tækifæri til að tala um reynslu sína um leið og þær læra að takast á við árekstra og samkeppni við jafningja.

Vefnámskeið í október 2023 Þátttakendafj.: 7. Kennarar í Dalvíkurskóla fóru á stað- og vefnámskeið hófst í september. Kennarar í 7. og 8. bekk í Brekkuskóla byrjuðu í janúar .

STARFSÞRÓUN SÉRFRÆÐINGA MSHA

UKLA

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA LÆSIS-
SAMTAKANA UKLA Í EXETER I ENGLANDI.

UKLA ER HALDIN ÁRLEGA OG VAR
RÁÐSTEFNAN Í ÁR SÚ 58. Í RÖÐINNI.

ÞEMAÐ RÁÐSTEFNUNAR VAR RITUN
SKIPTIR MÁLI.

Anna Sigrún og Íris og Hrönn sóttu
ráðstefnu læsissamtakana UKLA í Exeter í
Englandi í júní. Þar hlýddu þær á áhugaverð
erindi, niðurstöður nýrra rannsókna og tóku
þátt í vinnustofum.

Á ráðstefnunni komu saman rannsakendur
úr háskólum, kennarar og kennaranemar og
deildu því nýjasta á sviði læsirrannsókna og
kennslu.

Á ráðstefnunni var einnig töluvert lagt upp
úr tengslamyndun og að búa til tækifæri
fyrir fólk til að spjalla saman og vinna saman
að verkefnum í framtíðinni.



Áhrif frá ráðstefnunni hafa tengt anga sína
inn í læsisverkefni MSHA á árinu og það var
gott að finna samhljóm með
læsisverkefnum MSHA og niðurstöðum
rannsókna á ráðstefnunni. Þau vinnubrögð
sem kynnt voru sem fyrirmyndarkennsla eru
þau sömu og lögð eru til grundvallar í
læsisverkefnum miðstöðvarinnar.

Íris og Anna Sigrún komu heim uppfullar af
þakklæti yfir að hafa fengið tækifæri til að
kynnast frábæru fólki, víkka tengslanetið og
læra af öðrum sem brenna fyrir að efla læsi
og læsiskennslu.

STARFSÞRÓUN SÉRFRÆÐINGA MSHA

UTÍS NEW YORK

RÁÐSTEFNA OG SKÓLAHEIMSÓKNIR Í
NEW YORK 12.-16. NÓVEMBER.

100 KENNARAR OG SKÓLAFÓLK FRÁ
ÍSLANDI HEIMSÓTTI NEW YORK UNDIR
HANDLEIÐSLU INGVA HRANNARS
ÓMARSSONAR.



Stelpurnar á stöðinni, Anna Sigrún, Jenný, Íris og Sigríður fengu tækifæri til að taka þátt í UTís New York í nóvember, þangað fóru þær með um það bil 100 íslenskum kennurum og skólastjórnendum með það að markmiði að sjá hvað stóra eplið hefði upp á að bjóða hvað varðar nám og kennslu.

Viðburðurinn bauð upp á fyrirlestra, m.a. um notkun gervigreindar með nemendum og kynningar á framúrskarandi íslensku skólastarfi. Þar að auki gafst þátttakendum tækifæri til að heimsækja skóla og fyrirtæki í menntageiranum í borginni.

Það var mikil og góð upplifun að taka þátt í UTís. Það sem stóð upp úr eftir heimsóknir í bandaríska skóla var hæfni nemenda í samræðum og hvernig sú hæfni var markvisst þjálfuð frá fyrsta bekk og upp úr. Margt þar sem hægt er að taka til fyrirmyndar og flétta inn í verkefni miðstöðvarinnar.

Það voru þreyttir en hamingjusamir sérfræðingar sem komu heim eftir langt ferðalag með margt áhugavert í ferteskinu til að vinna úr og skoða betur.